

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 166/2012

2012/EES/70/14

frá 28. september 2012

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun nr. U4 frá 13. desember 2011 um málsmeðferð við endurgreiðslu skv. 6. og 7. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 ⁽¹⁾.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 9.3 (ákvörðun nr. U3) í VI. viðauka við EES-samninginn:

„9.4 **32012 D 0225(01)**: Ákvörðun nr. U4 frá 13. desember 2011 um málsmeðferð við endurgreiðslu skv. 6. og 7. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 (Stjtið. ESB C 57, 25.2.2012, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. U4, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 57, 25.2.2012, bls. 4.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.